

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. júlí 2008
Tilvísun: UST20080500118/sf

Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, efnistaka í Lambafelli

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 20. maí sl. þar sem óskað er umagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Skipulagsbreytingin varðar námu E3, Austurhluti Lambafells, á nágildandi aðalskipulagi en gert er ráð fyrir að efnistökusvæðið stækki úr 18,5 ha í 56 ha. Fram kemur í greinargerð með skipulagstillögunni og umhverfisskýrslu að um er að ræða tvær námur. Annars vegar er verið að stækka núverandi vinnslusvæði um 23,7 ha og er áætlað vinnslumagn á næstu 30 árum allt að 18 milljónir m³. Hins vegar er um að ræða áframhald á núverandi vinnslu þar sem heildarflatarmál efnistökkunnar verður um 18 ha og heildarmagn 27 milljónir m³ á næstu 30 árum eða til ársins 2038. Skipulagstillagan hefur verið auglýst og er athugasemdafrestur til 1. ágúst nk.


Auglýstar hafa verið frummatsskýrslur vegna mats á umhverfisáhrifum efnistökusvæða Jarðefnaiðnaðar ehf og Árvéla sf í Lambafelli og tekur fyrrgreind breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss mið af þeim áformum um efnistöku sem lýst er í frummatsskýrslunum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ósamræmi er í stærð efnistökusvæðis Jarðefnaiðnaðar í frummatsskýrslu annars vegar og umhverfisskýrslu og greinargerð með skipulagsbreytingunni. Í frummatsskýrslu kemur fram að stærð efnistökusvæðis samkvæmt tillögu 1 sé 23,1 ha en í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að stærð þess sé 23,7 ha.


Umhverfisstofnun telur að afmarka eigi efnistökusvæði í Lambafelli þannig að hrauntungunni milli þjóðveggar og fjallshlíðarinnar verði ekki raskað frekar en orðið er til að vernda jarðmyndanir sem njóta verndar og til að áhrif á nærsvæði vegarins verði sem minnst. Stofnunin telur að fremur eigi að gera ráð fyrir valkosti 2 vegna efnistöku Jarðefnaiðnaðar, en samkvæmt þeim valkosti er „skilinn eftir neðsti hluti skriðunnar sem snýr í norðvestur og er aðalásýnd fjallsins séð frá Hringvegi“.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss. Stofnunin telur mikilvægt að við veitingu framkvæmdaleyfis verði tekið tillit til þeirra ábendinga um vinnslutilhögun

efnistökusvæðanna sem fram koma í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þegar þau liggja fyrir. Í ljósi hins langa vinnslutíma er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að setja skilyrði um ásýnd efnistökusvæða í Lambafelli á meðan á vinnslu stendur.

Virðingarfyllt


Sigrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.

